

Samþykktir fyrir Kölku sorpeyðingarstöð sf.

Nafn, lögheimili og tilgangur félagsins

1. gr.

Reykjanesbær kt. 470794-2169, Suðurnesjabær kt. 550518-1200 Grindavíkurbær kt. 580169-1559 og Sveitarfélaglið Vogar kt. 670269-2649 elga og reka saman sameignarfélag með ótakmarkaða ábyrgð undir nafninu Kalka sorpeyðingarstöð sf. kt. 531278-0469 (Kalka Incinerator Authority). Heimili þess og varnarþing er í Reykjanesbæ.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að eiga og reka Kölku sorpeyðingarstöð sf. Ennfremur að annast alla sorpeyðingu og sorphirðu í sveitarfélögunum og önnur verkefni sem sveitarfélögin kunna að fela féluginu. Um starfsemina fer eins og kveðið er á um í samþykktum um sorphreinsun og sorpeyðingu á Suðurnesjum.

Ábyrgðir og hlutdeild eignaraðila

3. gr.

Kostnaði við uppbyggingu þjónustuþátta svo og rekstrarkostnaði, að frádregnum tekjum skal skipt milli eignaraðila í hlutfalli við íbúðafjölda í hverju sveitarfélagi miðað við lok næstliðins árs. Með íbúðafjölda er átt við allar fasteignir sem bera fasteignagjöld skv. A flokki.

4. gr.

Eignaraðild sveitarfélags er í réttu hlutfalli við framlag þess til rekstrar og eignabreytingarliða sbr. 3. gr. hér að framan. Skrá skal eignarhlut sveitarfélags í ársreikning félagsins hverju sinni.

5. gr.

Eigendur bera saman óskipta ábyrgð á skuldbindingum félagsins en innbyrðis skiptist ábyrgðin sbr. 4. gr. hér að framan.

Stjórn félagsins

6. gr.

Stjórn félagsins, sem annast málefni þess á milli funda, skal skipuð 5 mönnum og 5 til vara, sem tilnefndir eru af sveitarstjórnum, tveir frá Reykjanesbæ, einn frá hverri hinna og jafnmargir til vara. Stjórnarmenn eru tilnefndir á fyrsta aðalfundi félagsins eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar til fjögurra ára, eða til enda kjörtímabils. Ef stjórnarmaður lætur af störfum áður en kjörtímabili lýkur, tilnefnir viðkomandi sveitarstjórn nýjan fulltrúa í stjórnina í hans stað. Í slíkum tilfellum þarf ekki að boða sérstaklega til félagsfundar. Stjórnin skiptir með sér verkum eftir hvern aðalfund. Stjórninni er heimilt að ráða féluginu framkvæmdastjóra. Sé framkvæmdastjóri til staðar, ræður hann aðra starfsmenn félagsins. Stjórnin veitir prókúruumboð fyrir félagið.

7. gr.

Stjórnin ræður málefnum félagsins milli funda en skylt er að kalla saman fund ef ein eða fleiri sveitarstjórnir óska þess. Allar meiriháttar fjárskuldbindingar skulu leggjast fyrir sveitarstjórnirnar.

Aðalfundur og endurskoðunarákvæði

8. gr.

Aðalfund skal að jafnaði halda í aprílmánuði ár hvert, en síðar þau ár sem fram fara sveitarstjórnarkosningar. Aðalfund skal boða bréflega eða með tölvupósti með minnst viku fyrirvara. Dagskrá aðalfundar skal fylgja með fundarboði. Aðalfundur telst löglegur ef löglega er til hans boðað. Rétt til fundarsetu eiga allir kjörnir sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum, framkvæmdastjórar sveitarfélaganna, framkvæmdastjóri og stjórnarmenn félagsins og framkvæmdastjóri S.S.S. Atkvæðisrétt hafa þó einungis kjörnir sveitarstjórnarmenn.

Hverju sveitarfélagi er heimilt að óska eftir félagsfundi. Rétt til fundarsetu á félagsfundi hafa sömu aðilar og hafa rétt til fundarsetu á aðalfundi.

Á aðalfundi skulu eftirtalin mál tekin fyrir:

1. Skýrsla stjórnar um liðið starfsár.
2. Reikningar félagsins fyrir liðið reikingsár skulu lagðir fram til lokaafgreiðslu. Þeir skulu vera endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.
3. Tilnefning í stjórn. (Á kosningaári til sveitarstjórnna)
4. Kosning löggilts endurskoðanda.
5. Tillaga um þóknun til stjórnarmanna.
6. Önnur mál er varða starfsemi félagsins.

9. gr.

Reikningsár félagsins skal vera almanaksárið. Stjórn félagsins skal fyrir 31. október ár hvert semja fjárhagsáætlun og senda sveitarfélögunum og stjórn S.S.S. til upplýsingar.

10. gr.

Hver eignaraðili getur óskað eftir endurskoðun á samþykktum þessum.

Samþykktirnar eru með innfærðum breytingum sem samþykktar voru á aðalfundi félagsins í Reykjaneshús 27. ágúst 2018.


Reykjaneshús 27. ágúst 2018

Undirritun bæjarstjóra fyrir hönd félagsmanna:

Fyrir hönd Reykjaneshús


Kjartan Ólafsson
BÆJARSTJÓRINN
REYKJANESBÆ

Fyrir hönd Suðurnesjabæjar


Hanns Þórður Þorláksson

Fyrir hönd Grindavíkurbaðar


Bæjarstjóriinn
i Grindavík


Fyrir hönd Sveitarfélagsins Voga


Vogar
Bæjarstjóri
